

Umhverfismat deiliskipulags Helgafellsvegar, Mosfellsbæ

Umhverfisskýrsla, 18. maí 2007

ATA

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Tillaga að deiliskipulagi Helgafellsvegur	1
3	Skipulagssvæði deiliskipulags Helgafellsvegur.....	2
4	Vinnan við umhverfismatið – aðferðir og samráð.....	3
4.1	Nálgun og aðferðir	3
4.2	Kynning og samráð	3
5	Umhverfismatið – umfang og áherslur.....	4
5.1	Kostir	4
5.2	Umhverfisþættir og viðmið	5
5.3	Framsetning umhverfismatsins	5
6	Mat á umhverfisáhrifum	6
6.1	Kostur 1: Tillaga að deiliskipulagi tengibrautar að landi Helgafells, auglýst sumarið 2006	6
6.2	Kostur 2: Helgafellsvegur í breyttri útfærslu.....	9
6.3	Kostur 3, núllkostur: Tengingar við Helgafellshverfi frá Þingvallavegi og Hafravatnsvegi skv. aðalskipulagi, án Helgafellsvegur.	11
6.4	Kostur 4: Safngata austan Álafoskvosar sbr. stefnu aðalskipulags (án Helgafellsvegur).....	13
6.5	Kostur 5: Færsla Þingvallavegar til suðurs og tenging austan Álafoskvosar (tillaga Varmársamtakanna)	15
7	Niðurstaða	17
	Samantekt	19
	Heimildir	20

1 Inngangur

Hér er sett fram umhverfisskýrsla fyrir deiliskipulag Helgafellsvegar í Mosfellsbæ í samræmi við kröfur 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tilgangur umhverfisskýrslunnar er að setja fram mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags Helgafellsvegar, þar með talið að bera saman umhverfisáhrif mismunandi valkosta við deiliskipulagið.

Umhverfisskýrsla skal auglýst og kynnt opinberlega ásamt viðkomandi skipulagstillögu sbr. ákvæði laga um umhverfismat áætlana og skipulags- og byggingarlaga.

Umhverfisskýrslan er unnin af ráðgjafarfyrirtækinu Alta fyrir Mosfellsbæ.

2 Tillaga að deiliskipulagi Helgafellsvegar

Til grundvallar umhverfismati þessu liggur tillaga að deiliskipulagi tengibrautar að landi Helgafells sem auglýst var sumarið 2006 og afgreidd með tilteknum breytingum í desember 2006. Hún felur í sér ákvörðun um tengibraut sem fyrirhugað er að leggja um svæðið á milli Landa- og Ásahverfis og Álafoskvosar og tengja mun nýtt hverfi í landi Helgafells við Vesturlandsveg við Varmá.

Undanfarin misseri hefur deiliskipulagstillaga um Helgafellsveg verið til umfjöllunar hjá bæjaryfirvöldum í Mosfellsbæ. Tillaga að deiliskipulagi Helgafellsvegar var auglýst sumarið 2006. Í kjölfar athugasemda sem bárust á kynningartíma tillögunnar var unnið að breytingum á deiliskipulaginu í þá veru að lækka veginn í landi og var deiliskipulagið samþykkt þannig í desember 2006.

Í ársbyrjun 2007, að undangenginni umfjöllun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og Skipulagsstofnunar, lá loks fyrir að deiliskipulag Helgafellsvegar félli undir ákvæði nýrra laga um umhverfismat áætlana. Lög um umhverfismat áætlana gera kröfur um að umhverfisáhrif tiltekinn skipulags- og framkvæmdaáætlana séu metin, að umhverfismatið sé sett fram í umhverfisskýrslu og það kynnt opinberlega. Að lokum skal umhverfismatið lagt til grundvallar endanlegri afgreiðslu áætlunarinnar, ásamt þeim athugasemdum sem fram kunna að koma við umhverfismatið á kynningartíma. Í ljósi þessarar niðurstöðu felldi bæjarstjórn Mosfellsbæjar fyrri samþykkt deiliskipulagsins úr gildi og ákvað að láta vinna umhverfisskýrslu.


Samhliða umfjöllun um deiliskipulag Helgafellsvegar undanfarin misseri hefur verið til umfjöllunar og afgreiðslu breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar varðandi legu tengibrauta í Helgafellslandi og deiliskipulagstillögur fyrir nýja byggð í Helgafellslandi og fyrir Álafoskvos. Þá hefur verið til umfjöllunar tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu vegna lagningar Helgafellsvegar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fyrir liggur breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar varðandi legu tengibrauta í og að Helgafellshverfi, sem staðfest var í nóvember 2006, og er deiliskipulagstillagan í samræmi við hana.



3 Skipulagssvæði deiliskipulags Helgafellsvegjar

Tillaga að deiliskipulagi Helgafellsvegjar tekur eingöngu til hluta vegjarins frá Vesturlandsvegi að gatnamótum við Augað í Helgafellshverfi (sjá mynd að neðan), en í umhverfismati þessu er fjallað um veginn frá gatnamótum við Vesturlandsveg að hringtorgi í Helgafellshverfi þar sem vegurinn tengist Auganu.




Tillaga að deiliskipulagi Helgafellsvegjar (2006).

Vegstæðið og næsta umhverfi þess einkennist af graslendi og trjálundi í hlðinni milli Landahverfis og Álafosskvosar, auk þess sem vegstæðið liggur nærri Varmá. Á svæðinu er búsvæði fugla, s.s. hrossagauks, stelks, þúfutittlings og skógarþrastar. Efrihluta svæðisins, þ.e. frá hringtorgi við Augað og niður að trjálundinum við Álafosskvos hefur nú verið raskað vegna gatnagerðar- og veituframkvæmda.

Ekki eru þekktar fornleifar á svæðinu.

Helstu áhrifasvæði gatnaframkvæmda og umferðar um Helgafellsveg eru íbúðarbyggð í Landa- og Ásahverfi, fyrirhuguð íbúðarbyggð í Helgafellshverfi, byggð íbúða og atvinnurekstrar í Álafosskvos og Varmá og umhverfi hennar.



Áhrifasvæði Helgafellsvegjar: Landa- og Ásahverfi (blátt), Helgafellshverfi (rautt), Álafosskvos (gul) og Varmá og náttúruverndar- og útivistarsvæði við ána (grænt)

4 Vinnan við umhverfismatið – aðferðir og samráð

4.1 Nálgun og aðferðir

Mosfellsbær fól ráðgjafarfyritækinu Alta að vinna að umhverfismati deiliskipulags Helgafellsvegur í mars 2007.

Vinna við umhverfismatið hefur falist í rýni sérfræðinga Alta á þeim málgögnum sem liggja fyrir eftir vinnslu og málsmeðferð aðalskipulags og deiliskipulags undanfarin misseri, sbr. heimildaskrá. Beitt hefur verið venjubundnum aðferðum við umhverfismat áætlna, sjá nánar í 5. kafla hér að aftan.

Umhverfismatið er unnið á áður auglýstri deiliskipulagstillögu (sbr. umfjöllun í 2. kafla að framan) og fjórum skilgreindum valkostum við hana. Þær megin forsendur sem gengið er út frá að séu bundnar, við vinnslu umhverfismatsins eru:

- Stefna aðalskipulags Mosfellsbæjar um gatnakerfi og byggðarreiti¹.
- Stefna samgönguyfirvalda um Vesturlandsveg².
- Rammaskipulag og deiliskipulag í Helgafellslandi.
- Byggð og aðrar aðstæður á svæðinu, s.s. byggð í Landa- og Ásahverfi og Álafosskvos.

4.2 Kynning og samráð

Samráð hefur verið haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismatsins í samræmi við kröfur 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlna. Einnig hefur verið haft samráð við forsvarsmenn skipulagsmála í Mosfellsbæ, forsvarsmenn Varmársamtakanna varðandi umfjöllun um tillögu þeirra og við Vegagerðina um umfjöllun um Vesturlandsveg og tengingar við hann.

Umhverfisskýrslan verður auglýst til opinberrar kynningar ásamt tillögu að deiliskipulagi í samræmi við kröfur 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlna. Þá gefst hagsmunaaðilum tækifæri til að kynna sér umhverfismatið og koma á framfæri ábendingum og athugasemdum við það.

¹ Allir kostir sem skoðaðir eru í umhverfismatinu samrýmast gatnakerfi aðalskipulagins, nema kostur 5, tillaga Varmársamtakanna, sem myndi kalla á breytingu á aðalskipulagi varðandi Helgafellsveg og Þingvallaveg. Þá gerir kostur 3 (núllkosturinn) ekki ráð fyrir Helgafellsvegi.

² Breikkun Vesturlandsvegur um Mosfellsbæ og mislæg gatnamót eru á áætlun á 2. og 3. tímabili (2011-2014, 2015-2018) skv. fyrirbyggjandi tillögu að samgönguáætlun 2007-2018. Þegar til framkvæmda kemur við mislæg gatnamót, miðar Vegagerðin við að gatnamót við miðbæ og Þingvallaveg verði mislæg, en að Álafossvegur fari undir Vesturlandsveg, án tenginga við hann. Áður en til byggingar mislægra gatnamóta kemur, verða hringtorg endurbætt. Nú er unnið að undirbúningi að stækkun hringtorga á Vesturlandsvegi við Varmá og við gatnamót Þingvallavegar. Samhliða þeim framkvæmdum verður væntanlega farið í breikkun vegarins á milli þessara hringtorga. Við þessar framkvæmdir verður tengingu Áslands við Vesturlandsveg lokað.

5 Umhverfismatið – umfang og áherslur

Við upphaf vinnu við umhverfismat skipulags þarf að taka afstöðu til þess hvaða kostir koma til greina sem tilefni er til að meta umhverfisáhrif af. Þá þarf að skilgreina hvaða þættir í umhverfinu eru líklegir til að verða fyrir umhverfisáhrifum og ástæða er til að fjalla um í umhverfismatinu. Einnig þarf að skilgreina matsspurningar eða viðmið sem lögð eru til grundvallar mati á vægi umhverfisáhrifanna. Þá þarf að ákveða hvernig niðurstöður umhverfismatsins verða settar fram.

5.1 Kostir

Þegar vinna hófst við umhverfismat deiliskipulags Helgafellsvegar í mars 2007 var ákveðið að skoða eftirtalda kosti:

Kostur 1: Tillaga að deiliskipulagi Helgafellsvegar, sem auglýst var og afgreidd árið 2006.


Kostur 2: Breytt útfærsla Helgafellsvegar, sem liggur lægra í landi, með lægri umferðarhraða og breyttri tengingu við Álafosskvos.

Kostur 3: Núll-kostur, þ.e. ekki gert ráð fyrir Helgafellsvegi, þannig að eingöngu séu tengingar við Helgafellshverfi um tengibraut frá Þingvallavegi og tengibraut úr austri frá Hafravatnsvegi.


Kostur 4: Sama og kostur 3, en jafnframt sé gert ráð fyrir nýrri götu austan Álafosskvosar sem tengi Helgafellshverfi við Álafossvæg.

Þann 21. apríl 2007 kynntu Varmáramtökin tillögu sína að breyttum tengingum við Helgafellshverfi og var ákveðið að bæta þeirri tillögu við sem kosti í umhverfismatinu:


Kostur 5: Ekki gert ráð fyrir Helgafellsvegi. Gert ráð fyrir færslu Þingvallavegar og gatnamóta hans við Vesturlandsveg til suðurs, að norðurmörkum Ásahverfis og tengingu við Helgafellshverfi þaðan. Jafnframt gert ráð fyrir nýrri götu austan Álafosskvosar sem tengi Helgafellshverfi við Álafossvæg.




Gatnakerfi skv. kostum 1 og 2.



Gatnakerfi skv. kosti 3.



Gatnakerfi skv. kosti 4.



Gatnakerfi skv. kosti 5.

5.2 Umhverfispættir og viðmið

Á grundvelli rýni á fyrirleggjandi gögnum (sjá heimildaskrá) og vettvangsskoðunar var ákveðið að leggja eftirfarandi umhverfispætti og matsspurningar til grundvallar umhverfismatinu:

Umvhverfispáttur	Matsspurning
Hljóðvist	Er hljóðstig frá umferð um götuna líklegt til að yfirstíga viðmiðunarmörk (m.v. umferðarspá þegar Helgafellshverfi er fullbyggt)?
Loftgæði og vatnsgæði	Er útblástur og svifryk frá umferð um götuna líklegt til að yfirstíga viðmiðunarmörk? Er afrennsli af götunni líklegt til að yfirstíga viðmiðunarmörk?
Náttúru- og menningarminjar	Hefur tillagan áhrif á þekktar náttúru- og menningarminjar?
Landnýting	Hefur tillagan áhrif á nýtingu lands, s.s. til útivistar eða bygginga?
Samgöngur	Tryggir tillagan góðar og öruggar samgöngur f. mismunandi samgöngumáta, s.s. milli hverfa og við meginumferðaræðar og miðbæ Mosfellsbæjar?
Ásýnd og einkenni svæðis (bæjarbragur, umhverfi/náttúra)	Er tillagan líkleg til að hafa áhrif á upplifun/tilfinningu fólks fyrir svæðinu, ásýnd þess og einkennum, s.s. vegna breytts landslags eða hljóðvistar?
Eignir/efnisleg verðmæti	Er tillagan líkleg til að hafa áhrif á verðmæti fasteigna, s.s. vegna hljóðvistar eða breytinga á ásýnd og einkennum svæðis?

Í umhverfismatinu eru lagt mat á umhverfisáhrif framangreindra 5 kosta á ofangreinda umhverfispætti með tilliti til áhrifa á (sbr. uppdrátt á bls. 2):

- Íbúa í Löndum og Ásum (merkt Á/L í venslatöflum í 6. kafla).
- Íbúa í fyrirhuguðu Helgafellshverfi (merkt H í venslatöflum í 6. kafla).
- Íbúa og atvinnurekstur í Álafoskvos (merkt Kv í venslatöflum í 6. kafla).
- Umhverfi Varmár og aðra íbúa Mosfellsbæjar sem njóta vilja útivistar við Varmá (merkt V í venslatöflum í 6. kafla).

5.3 Framsetning umhverfismatsins

Umvhverfismat fyrir hvern kost er sett fram í 6. kafla og samanteknar niðurstöður um alla kosti í 7. kafla með eftirfarandi hætti:

- Í 6. kafla er hverjum kosti lýst með stuttri textaskýringu og á uppdraetti. Síðan er umhverfismat, þ.e. mat á áhrifum á hvern þeirra umhverfispátta og hópa sem tilgreindir eru í kafla 5.2, sett fram í venslatöflu fyrir viðkomandi kost. Matið er sett fram með tákni og textaskýringu.
- Í 7. kafla eru niðurstöður 6. kafla um alla kosti dregnar saman.
- Tákn sem notuð eru í venslatöflunum í 6. og 7. kafla eru eftirfarandi:

÷	Mikil neikvæð áhrif
0/÷	Nokkur/lítill neikvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif
0/+	Nokkur/lítill jákvæð áhrif
+	Mikil jákvæð áhrif
?	Óvissa um áhrif

6 Mat á umhverfisáhrifum

Hér að neðan er lagt mat á umhverfisáhrif deiliskipulags Helgafellsvegar sbr. þá kosti, umhverfisþætti og matsspurningar sem sett eru fram í 5. kafla hér að framan.


6.1 Kostur 1: Tillaga að deiliskipulagi tengibrautar að landi Helgafells, auglýst sumarið 2006

Kostur 1 felst í deiliskipulagstillögu þeirri sem auglýst var sumarið 2006 og afgreidd með tilteknum breytingum í desember 2006. Deiliskipulagið tekur til tengibrautar frá Vesturlandsvegi/Álafossvegi, að fyrirhuguðu Helgafellshverfi og er jafnframt framtíðar aðkomuleið að Ásahverfi, Landahverfi og Álafosskvos. Gert er ráð fyrir að allt að 10 þús. bílar/sólarhring aki um hana þegar Helgafellshverfið verður fullbyggt. Gert er ráð fyrir að gatan verði með einni akrein í hvora átt og er hún hönnuð m.v. að vera með 50 km/klst umferðarhraða.

Við endurskoðun deiliskipulagstillögunnar í kjölfar athugasemda sem bárust á kynningartíma sumarið 2006, var hönnun götunnar breytt þannig að hún liggja að hluta til lægra í landi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir hljóðmönnum meðfram götunni á báðar hliðar til að tryggja að hljóðstig fari ekki yfir viðmiðunarmörk við hús í Landa- og Ásahverfi, Helgafellshverfi og í Álafosskvos. Framkvæmdin kallar á lagningu tengigötu að Álafosskvos milli Helgafellsvegar og Varmár. Hæðarmunur milli Helgafellsvegar og aðkomugötu að Álafosskvos yrði nokkur, þannig að reisa þyrfti stoðvegg á kafla á mótis við Varmá og Álafosskvos.

Kostur 1 miðar við að tengingar við Helgafellshverfi séu þrjár, þ.e. að auk Helgafellsvegar sé gert ráð fyrir tengibraut meðfram vesturhlíð Helgafells úr norðri frá Þingvallavegi og annarri að austurhluta Helgafellslands úr suðri, frá Hafravatnsvegi.

Kostur 1 er í samræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar.



Gatnatengingar við Helgafellshverfi samkvæmt kosti 1.



Tenging Álafossvegar við Helgafellsveg samkvæmt kosti 1.

Kostur 1: Tillaga að deiliskipulagi tengibrautar að landi Helgafells (auglýst 2006, breytt desember 2006)					
Umhverfis- þættir	Umhverfisáhrif				Skýringar
	Á/L	H	Kv	V	
Hljóðvist	0/÷	0	0/÷	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Án hljóðvarna myndi hávaði vera yfir viðmiðunarmörkum (55 dB) við 5 hús í Landahverfi og 1 hús í Álafosskvos (útreikningar miða við breytta (lækkaða) hæðarlegu frá auglýstri tillögu). Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir hljóðmönnum beggja vegna götunnar. Útreikningar sýna að þær eiga að tryggja að hljóðstig frá umferð um götuna sé innan viðmiðunarmarkna við öll íbúðarhús nærri götunni. Þrátt fyrir að viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða séu ekki yfirstígin, mun umferð um veginn hafa í för með sér breytingar á hljóðvist fyrir íbúðarhús næst vegstæðinu í Löndum og Álafosskvos. Hávaða frá umferð um Helgafellsveg mun gæta á útivistarsvæðum næst götunni, þ.e. við Varmána, neðan Álafosskvosar. Á því svæði hefur nálægð við Vesturlandsveg væntanlega þegar áhrif á kyrrð og útivistargildi svæðisins, þannig að áhrifin af Helgafellsvegi eru ekki líkleg til að vera veruleg.
Loft- og vatnsgæði	0	0	0	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Umferð um Helgafellsveg er ekki líkleg til að hafa áhrif á loftgæði þannig að viðmiðunarmörk reglugerðar verði yfirstígin. Ljóst er að uppbygging Helgafellshverfis skapar bílaumferð að og frá hverfinu. Framlag hennar til útblásturs- og svifryksmengunar er að verulegu leyti háð lengd akstursleiða, en Helgafellsvegur gefur kost á stytum akstursleiðum til Helgafellshverfis og nærliggjandi byggðar borið saman við kosti 3-5. Ofanvatn af Helgafellsvegi verður hreinsað eða veitt til sjávar, þannig að áhrif á vatnsgæði í Varmá eru ekki líkleg til að verða veruleg. Hætta á að ofanvatn renni óhreinsað í Varmá er væntanlega helst þar sem götur (Helgafellsvegur og aðkomugata að Álafosskvos) liggja næst ánni. Þar er þó væntanlega um óveruleg áhrif að ræða, samanborið við annað álag sem er á vatnsgæði Varmár frá byggð og samgönguæðum nærri ánni.
Náttúru- og menningar- minjar	0	0	0	÷	<ul style="list-style-type: none"> Varmá er á náttúruminjaskrá. Áin og belti meðfram henni er jafnframt hverfisvernduð skv. aðalskipulagi. Gatnaframkvæmdir við Helgafellsveg og nýja aðkomugötu að Álafosskvos munu fara nær árbakka Varmár, neðan Álafosskvosar heldur en núverandi Álafossvegur og setja mark sitt á umhverfi árinna á þeim kafla. Engar þekktar fornleifar eru á svæðinu, en í Álafosskvos er húsabyrping sem geymir sögu ullariðnaðar við Álafoss, en hún verður ekki fyrir beinum áhrifum af framkvæmdum við Helgafellsveg.
Landnýting	÷	÷	÷	÷	<ul style="list-style-type: none"> Gatan takmarkar nýtingu hlíðarinnar milli Landahverfis og Álafosskvosar til útivistar, en hlíðin veit í suður og er gróin og skýlt af hávöxnum trjálundi. Gera verður ráð fyrir að gatan takmarki nýtingu svæðisins til útivistar vegna beinnar skerðingar á gróðri og útivistarsvæðum, sem og vegna breyttrar ásjýndar svæðisins og umferðarniðs. Það snertir væntanlega helst íbúa í Álafosskvos, Löndum og Ásum, en einnig framtíðarnot þeirra sem setja sig niður í vesturhluta Helgafellshverfis sem og aðra þá sem njóta vilja umhverfis Varmárinnar og Álafosskvosar. Jafnframt þarf að rífa hús sem stendur milli Álafossvegar og Varmár, á kaflanum milli Vesturlandsvegur og Álafosskvosar.
Samgöngur	0/÷	+	0/÷	0	<ul style="list-style-type: none"> Helgafellsvegur mun hafa óveruleg áhrif á aðgengi og vegalengdir fyrir íbúa í Landa- og Ásahverfi og íbúa og atvinnurekstur í Álafosskvos samanborið við núverandi gatnakerfi. Helgafellsvegur gefur kost á stuttri og aðgengilegri tengingu frá Vesturlandsvegi úr suðri (og frá miðbæ Mosfellsbæjar) við hið nýja Helgafellshverfi. Gangandi umferð milli Landa- og Ásahverfis og Álafosskvosar mun þurfa að þvera götu með talsverðri og nokkuð hraðri bílaumferð, en gangandi umferð á milli hverfanna er væntanlega tiltölulega lítil.



Kostur 1 frh.					
Umhverfis- þættir	Umhverfisáhrif				Skýringar
	Á/L	H	Kv	V	
Ásýnd og einkenni svæðis	0/÷	0	÷	÷	<ul style="list-style-type: none"> Gatan mun breyta verulega ásýnd svæðisins, sérstaklega við vesturhluta Álafoskvosarinnar. Ásýnd að Álafoskvos breytist nokkuð, þar sem uppbyggð gata með stoðveggjum og hljóðmönnum verður í bakgrunni, í stað gróinnar og skógivaxinnar hlíðar. Ásýnd til vesturs og norðurs mun einnig breytast töluvert úr Álafoskvosinni sjálfri, þar sem gatan, bílaumferð og hljóðmanir verða nokkuð áberandi. Yfirbragð Álafoskvosarinnar, sem einkennist af sérstökum bæjarbrag, nálægð við nið fossins og árinna mun því hugsanlega skerðast. Hinsvegar má telja að ný byggingarsvæði í nágrenni Álafoskvosarinnar að norðanverðu, í hinu nýja Helgafellshverfi, hafi mun meiri áhrif á ásýnd og sérstöðu svæðisins þegar fram líða stundir. Gatan mun einnig hafa einhver áhrif á ásýnd og einkenni byggðarinnar austast í Landahverfi sem hefur fram að þessu verið á jaðri byggðar með tún, móa og Varmána, framundan til austurs. Útsýni frá húsaröðinni yst í Löndunum austanverðum mun taka breytingum, þar sem saman fara skerðing á hlíðinni næst byggðinni sem fer undir Helgafellsveg og síðan þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á því svæði sem fer undir byggð í Helgafellshverfi.
Eignir/ efnisleg verðmæti	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Ekki er talið líklegt að umfang og eðli þeirra breytinga sem Helgafellsvegur hefur í för með sér á umhverfi hafi í för með sér áhrif á fasteignaverð eða önnur efnisleg verðmæti, enda verið gert ráð fyrir byggð í Helgafellshverfi og aðkomuvegi að henni á þessum stað í skipulagi um langt skeið.




6.2 Kostur 2: Helgafellsvegur í breyttri útfærslu

Kostur 2 gerir ráð fyrir að delliskipulagi svæðisins verði breytt á þann veg að í stað fyrirhugaðrar tengibrautar verði gert ráð fyrir götu sem falli betur að þeirri byggð og náttúru sem fyrir er á svæðinu. Við hönnun götunnar sé kappkostað að fylgja landslagi, nýta núverandi götustæði eftir kostum og lágmarka skerðingu á trjágróðri. Útfærslubreytingar götunnar feli m.a. í sér lækkun hámarkshraða úr 50 km í 30 með hraðatakmarkandi aðgerðum, s.s. þrengingum og upphækkunum. Einnig verði gróður við götuna aukinn og landslag mótað með hliðsjón af nánasta umhverfi. Að auki verði gert ráð fyrir göngu- og hjólaleið meðfram götunni, líkt og gert er ráð fyrir í Rammaskipulagi Helgafellshverfis.

Útfærsla götunnar samkvæmt kosti 2 hefur í för með sér að hægt verður að einfalda tengingu við Álafossvos verulega frá því sem kostur 1 gerir ráð fyrir. Í stað aðkomuvegar meðfram bökkum Varmár, yrði unnt að tengja Álafossvosina beint inn á Helgafellsveg.

Kostur 2 miðar við að tengingar við Helgafellshverfi séu þrjár, þ.e. að auk Helgafellsvegar sé gert ráð fyrir tengibraut meðfram vesturhlíð Helgafells úr norðri frá Þingvallavegi og annarri að austurhluta Helgafellslands úr suðri, frá Hafravatnsvegi.

Legu skv. kosti 2 er í samræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar og getur jafnframt fallið að stefnu aðalskipulagsins um tengibrautir í 2. flokki.



Gatnatengingar við Helgafellshverfi samkvæmt kosti 2.

Kostur 2: Helgafellsvegur í breyttri útfærslu					
Umhverfis- þættir	Umhverfisáhrif				Skýringar
	Á/L	H	Kv	V	
Hljóðvist	0/÷	0	0/÷	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Ekki liggja fyrir hljóðvistarreikningar fyrir þennan valkost, en ætla má að minni áhrifa muni gæta frá götunni í þessari útfærslu heldur en samkvæmt kosti 1, vegna lægri legu götunnar, gróðursetningar og landslagsmótunar og lægri umferðarhraða.
Loft- og vatnsgæði	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Umferð um Helgafellsveg er ekki líkleg til að hafa áhrif á loftgæði þannig að viðmiðunarmörk reglugerðar verði yfirstígin. Ljóst er að uppbygging Helgafellshverfis skapar bílaumferð að og frá hverfinu. Framlag hennar til útblásturs- og svifryksmengunar er að verulegu leyti háð lengd akstursleiða, en Helgafellsvegur gefur kost á stytum akstursleiðum til Helgafellshverfis borið saman við kosti 3-5. Ofanvatn af götunni verður hreinsað eða veitt til sjávar, þannig að áhrif á vatnsgæði í Varmá eiga ekki að verða veruleg. Með einfaldari innkeyrslu inn í Álafossvos, samanborið við kost 1, færast gatnaframkvæmdirnar fjær ánni og því minnkar hugsanleg hætta á að ofanvatn renni óhreinsað í Varmá.
Náttúru- og menningar- minjar	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Varmá er á náttúruminjasrá. Áin og belti meðfram henni er jafnframt hverfisvernduð skv. aðalskipulagi. Gatnaframkvæmdir við Helgafellsveg skv. kosti 2 myndu ekki fara nær árbakka Varmár, neðan Álafossvosar heldur en núverandi Álafossvegur og ættu því að hafa óveruleg áhrif á umhverfi árinna á þeim kafla. Engar þekktar fornleifar eru á svæðinu, en í Álafossvos er húsaþyrping sem geymir sögu ullariðnaðar við Álafoss, en hún verður ekki fyrir beinum áhrifum af framkvæmdum við Helgafellsveg.
Landnýting	0/÷	0/÷	0/÷	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Gatan takmarkar nýtingu svæðisins til útivistar vegna skerðingar á útivistarsvæðum. Hinsveggar er sú skerðing mun minni en fyrir kost 1 og á sér aðallega stað vegna skerðingar á útivistarlandi í grasbrekku og skóglendi á milli Álafossvosar og Landahverfis. Skerðing á landnýtingu vegna hljóðmengunar og ásyndar verður töluvert minni en fyrir kost 1.
Samgöngur	0	+	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Kostur 2 mun hafa óveruleg áhrif á aðgengi og vegalengdir fyrir íbúa í Landa- og Ásahverfi og íbúa og atvinnurekstur í Álafossvos samanborið við núverandi gatnakerfi. Kostur 2 gefur kost á sambærilegri tengingu frá Vesturlandsvegi úr suðri (og miðbæ Mosfellsbæjar) við hið nýja Helgafellshverfi og kostur 1. Gangandi umferð milli Landa- og Ásahverfis og Álafossvosar verður greiðari en skv. kosti 1. Með því að lækka umferðarhraða stafar gangandi vegfarendum minna ónæði og hætta af bílaumferðinni.
Ásýnd og einkenni svæðis	0/÷	0	0/÷	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Gatan mun hafa minni áhrif á ásýnd svæðisins en kostur 1, þar sem kostur 2 byggir á því að minna rými sé tekið undir götur og meira svigrúm verði til aðlögunar að landi, til að hlífa núverandi gróðri og vinna með gróðursetningu og landmótun, þar sem 30 km gata getur verið mjórri og fylgt landslagi betur en 50 km gata. Unnt er að vinna með efnisval og gróðursetningu sem fellur að yfirbragði og bæjarbrag Álafossvosarinnar og umhverfi Varmár.
Eignir/efnisleg verðmæti	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Ekki er talið líklegt að umfang og eðli þeirra breytinga sem Helgafellsvegur hefur í för með sér á umhverfi hafi í för með sér áhrif á fasteignaverð eða önnur efnisleg verðmæti, enda verið gert ráð fyrir byggð í Helgafellshverfi og aðkomuvegi að henni á þessum stað í skipulagi um langt skeið.




6.3 Kostur 3, núllkostur: Tengingar við Helgafellshverfi frá Þingvallavegi og Hafravatnsvegi skv. aðalskipulagi, án Helgafellsvegar.

Kostur 3 gerir ráð fyrir að Helgafellsvegur verði ekki lagður, án þess að aðrar tengingar komi til í staðinn. Tengingar við Helgafellshverfi verða því um tengibraut sem tengist frá Þingvallavegi í norðri og tengibraut frá Hafravatnsvegi inn í hverfið að austan, eins og gert er ráð fyrir í kosti 1.

Miðað er við að núverandi tenging Álafossvegar við Vesturlandsveg, sem tengir Landahverfi og Álafoskvos, verði áfram opin eins og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi. Sú tenging kann þó til lengri framtíðar að leggjast af að mati bæjaryfirvalda, þjóni hún eingöngu tengingu við Landahverfi og Álafoskvos, en Vegagerðin gerir ráð fyrir undirgöngum fyrir Álafossveg þegar kemur að gerð mislægra gatnamóta á Vesturlandsvegi.

Kostur 3 samræmist ekki aðalskipulagi Mosfellsbæjar hvað það varðar að hann gerir ekki ráð fyrir að Helgafellsvegur verði lagður.

Skoðun á kosti 3 er í samræmi við kröfu laga um umhverfismat áætlana um að umhverfisáhrif skipulagstillögu skuli borin saman við þróun umhverfisins án framfylgdar viðkomandi áætlunar.



Gatnatengingar við Helgafellshverfi samkvæmt kosti 3.

Kostur 3 – núllkostur: Tengingar við Helgafellshverfi frá Þingvallavegi og Hafravatnsvegi skv. aðalskipulagi, án Helgafellsvegur					
Umhverfis- þættir	Umhverfisáhrif				Skýringar
	Á/L	H	Kv	V	
Hljóðvist	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Með því að Helgafellsvegur verður ekki lagður falla út væntanleg áhrif hans á hljóðvist við vestan Álafoskvosar. Ólíklegt er talið að aukin umferð um aðrar tengibrautir að Helgafellshverfi frá Þingvallavegi og Hafravatnsvegi fari upp fyrir viðmiðunarmörk, þar sem gert er ráð fyrir rúmum helgunarsvæðum meðfram þeim, þar sem hægt er að koma fyrir hljóðmönnum ef þörf krefur.
Loft- og vatnsgæði	0/÷	0/÷	0/÷	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Ljóst er að uppbygging Helgafellshverfis skapar bílaumferð að og frá hverfinu. Framlag hennar til útblásturs- og svifryksmengunar er að verulegu leyti háð lengd akstursleiða. Lenging akstursleiða skv. kosti 3, samanborið við kost 1 (sjá áhrif á samgöngur hér að neðan) mun leiða til einhvern aukninga í loftmengun frá bílaumferð til og frá Helgafellshverfi og nærliggjandi byggð. Ekki eru fyrir séð áhrif á vatnsgæði.
Náttúru- og menningarminjar	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Núllkosturinn hefur ekki fyrir séð áhrif á náttúru- og menningarminjar.
Landnýting	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Núllkosturinn hefur ekki fyrir séð áhrif á landnýtingu, önnur en þau að samanborið við kost 1 skerðist útivistargildi hlíðarinnar milli Landahverfis og Álafoskvosar og Varmár ekki.
Samgöngur	0	÷	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Kostur 3 mun hafa óveruleg áhrif á aðgengi og vegalengdir fyrir íbúa í Landa- og Ásahverfi og íbúa og atvinnurekstur í Álafoskvos, samanborið við núverandi gatnakerfi og kost 1, ef miðað er við að tenging Álafossvegar við Vesturlandsveg í núverandi mynd haldi sér. Til lengri tíma litið kann tenging Álafossvegar við Vesturlandsveg hinsvegar að leggjast af að mati bæjaryfirvalda, þjóni hún eingöngu Landahverfi og Álafoskvos. Það myndi leiða til nokkurrar lengingar á vegalengdum fyrir íbúa í Landahverfi og íbúa og atvinnurekstur í Álafoskvos. Kostur 3 hefur í för með sér mun lengri akstursvegalengdir til og frá Helgafellshverfi heldur en kostur 1. Þannig lengist leiðin frá miðbæ Mosfellsbæjar inn í Helgafellshverfi úr rúmum 1 km í rúma 3,5 km, samanborið við kost 1.
Ásýnd og einkenni svæðis	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Með því að Helgafellsvegur verður ekki lagður falla út væntanleg áhrif hans á ásýnd og einkenni Álafoskvosar og útivistarsvæðis við Varmá. Aukin umferð um aðrar tengibrautir að Helgafellshverfi er ekki talin líkleg til að hafa áhrif á ásýnd eða einkenni annarra svæða. Lengri vegalengdir að Helgafellshverfi, kunna þó að hafa áhrif á aðdráttarafli hins nýja Helgafellshverfis.
Eignir/efnisleg verðmæti	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Ekki er talið líklegt að kostur 3 hafi í för með sér áhrif á fasteignaverð eða önnur efnisleg verðmæti. Þó kann löng aksturvegalegd til og frá Helgafellshverfi að draga úr aðdráttarafli hverfisins.




6.4 Kostur 4: Safngata austan Álafossvosar sbr. stefnu aðalskipulags (án Helgafellsvegar)

Kostur 4 gerir ráð fyrir að Helgafellsvegur verði ekki lagður, en í stað hans verði lögð safngata frá Álafossvogi austan Álafossvosar, yfir Varmá að Helgafellshverfi. Að öðru leyti er kostur 3 sá sami og kostur 1, þ.e. aðrar tengingar við Helgafellshverfi verða um tengibrautir frá Þingvallavegi í norðri og frá Hafravatnsvegi í austri.

Miðað er við að núverandi tenging Álafossvegar við Vesturlandsveg, sem tengir Landahverfi og Álafossvos, verði áfram opin eins og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi. Sú tenging kann þó til lengri framtíðar að leggjast af að mati bæjaryfirvalda, þjóni hún eingöngu tengingu við Landahverfi og Álafossvos, en Vegagerðin gerir ráð fyrir undirgöngum fyrir Álafossvog þegar kemur að gerð mislægra gatnamóta á Vesturlandsvegi.

Kostur 4 er í samræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar, þar sem gert er ráð fyrir möguleika á safngötu austan Álafossvosar.



Gatnatengingar við Helgafellshverfi samkvæmt kosti 4.


Kostur 4: Safngata austan Álafoskvosar sbr. stefnu aðalskipulags (án Helgafellsvegur)					
Umhverfis- þættir	Umhverfisáhrif				Skýringar
	Á/L	H	Kv	V	
Hljóðvist	0	0/÷	0	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Með því að Helgafellsvegur verður ekki lagður falla út væntanleg áhrif hans á hljóðvist við vestan Álafoskvosar. Hinsvegur mun ný tenging yfir Varmá austan Álafoskvosar hafa í för með sér ónæði frá bílaumferð á útivistarsvæði við Varmá þar, auk hugsanlegra áhrifa á fyrirhugaða íbúðarbyggð í Helgafellshverfi. Hljóðreikningar fyrir þennan kost liggja ekki fyrir, og þessvegna ekki upplýsingar um hvar þyrfti hugsanlega að grípa til aðgerða (s.s. hljóðmana) vegna umferðarhávaða.
Loft- og vatnsgæði	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Ljóst er að uppbygging Helgafellshverfis skapar bílaumferð að og frá hverfinu. Framlag hennar til útblásturs- og svífryksmengunar er að verulegu leyti háð lengd akstursleiða. Lenging akstursleiða skv. kosti 4, samanborið við kost 1 (sjá áhrif á samgöngur hér að neðan) mun leiða til einherrar, en sennilega óverulegrar, aukningar í loftmengun frá bílaumferð til og frá Helgafellshverfi og nærliggjandi byggð. Ofanvatn af nýrri götu yfir Varmá yrði væntanlega hreinsað eða veitt til sjávar, þannig að áhrif á vatnsgæði í Varmá eiga ekki að verða veruleg.
Náttúru- og menningar- minjar	0	0	0	÷	<ul style="list-style-type: none"> Ný leið yfir Varmá, þverar svæði á náttúruminjasrá/hverfisverndarsvæði og mun liggja skammt frá og í bakgrunni Álafoss. Ekki er vitað hvort fornleifar eru á svæðinu.
Landnýting	0	0/÷	0	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Kostur 4 hefur ekki áhrif á landnýtingu á og við vegstæði Helgafellsvegur. Kostur 4 hefur hinsvegur áhrif á svæðið við Varmá ofan Álafoskvosar, sem getur rýrt gildi þess sem útivistarsvæðis, sem liggur næst fyrirhugaðri byggð í Helgafellshverfi.
Samgöngur	0	0/÷	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Kostur 4 mun hafa óveruleg áhrif á aðgengi og vegalengdir fyrir íbúa í Landa- og Ásahverfi og íbúa og atvinnurekstur í Álafoskvos, samanborið við núverandi gatnakerfi og kost 1, ef miðað er við að tenging Álafossvegar við Vesturlandsveg í núverandi mynd haldi sér. Til lengri tíma lítið kann tenging Álafossvegar við Vesturlandsveg hinsvegur að leggjast af að mati bæjaryfirvalda, þjóni hún eingöngu Landahverfi og Álafoskvos. Það myndi leiða til nokkurar lengingar á vegalengdum fyrir íbúa í Landahverfi og íbúa og atvinnurekstur í Álafoskvos. Kostur 4 hefur í för með sér nokkuð lengri akstursvegalengdir til og frá Helgafellshverfi heldur en kostur 1. Þannig lengist leiðin frá miðbæ Mosfellsbæjar inn í Helgafellshverfi úr rúmum 1 km í rúma 2 km skv. kosti 4, samanborið við kost 1 (þá er miðað við að ekki verði heimilaður gegnumakstur um Álafoskvos, þar sem gatan um kvosina bæri væntanlega illa þá umferð sem vænta má ef gegnumakstur væri heimill m.v. kost 4).
Ásýnd og einkenni svæðis	0	0/÷	0	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Með því að Helgafellsvegur verður ekki lagður falla út væntanleg áhrif hans á ásýnd og einkenni Álafoskvosar og útivistarsvæðis við Varmá. Ásýnd, einkenni og kyrrð útivistarsvæða við Varmá ofan Álafoskvosar sem einnig eru á verndarsvæði, og liggja nærri fyrirhugaðri byggð í Helgafellshverfi, mun hinsvegur verða fyrir áhrifum af götunni samkvæmt kosti 4.
Eignir/efnisleg verðmæti	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Ekki er talið líklegt að kostur 4 hafi í för með sér áhrif á fasteignaverð eða önnur efnisleg verðmæti.



6.5 Kostur 5: Færsla Þingvallavegar til suðurs og tenging austan Álafossvosar (tillaga Varmársamtakanna)


Kostur 5 felst í tillögu sem kynnt var á íbúáþingi Varmársamtakanna þann 21. apríl 2007. Tillagan gerir ráð fyrir að Helgafellsvegur verði ekki lagður, en að önnur tengibraut liggi þess í stað frá Álafossvogi með tengingu við Helgafellshverfi yfir Varmá, austan Álafossvosar.

Að auki er gert ráð fyrir að lega Þingvallavegar breytist, þannig að hann tengist Vesturlandsvegi sunnar en nú er og liggi við norðurjaðar Ásahverfis, með tengingu áfram inn í Helgafellshverfi og Landa- og Ásahverfi.



Gatnatengingar við Helgafellshverfi samkvæmt kosti 5.

Kostur 5: Færsla Þingvallavegar til suðurs og tenging austan Álafoskvosar (tillaga Varmársamtakanna)					
Umhverfis- þættir	Umhverfisáhrif				Skýringar
	Á/L	H	Kv	V	
Hljóðvist	0/÷	0/÷	0	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Þar sem kostur 5 gerir ráð fyrir að Helgafellsvegur verði ekki lagður og að tenging Álafossvogar við Vesturlandsveg verði felld út, er líklegt að áhrif bílaumferðar á hljóðvist á því svæði verði minni en nú er. Hinsvegur mun ný tenging yfir Varmá austan Álafoskvosar hafa í för með sér ónæði frá bílaumferð á útivistarsvæði við Varmá þar, auk áhrifa á fyrirhugaða íbúðarbyggð í Helgafellshverfi (vegur skv. kosti 5 lægi nær byggð þar en vegur skv. kosti 4). Færsla Þingvallavegar til suðurs, að norðurjaðri Ásahverfis mun hafa í för með sér ónæði og hugsanlega hávaða yfir viðmiðunarmörkum í byggðinni nyrst í hverfinu, þannig að beita þurfi mótvægisáðgerðum á borð við hljóðmanir.
Loft- og vatnsgæði	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Ljóst er að uppbygging Helgafellshverfis skapar bílaumferð að og frá hverfinu. Framlag hennar til útblásturs- og svifryksmengunar er að verulegu leyti háð lengd akstursleiða. Lenging akstursleiða skv. kosti 5, samanborett við kost 1 (sjá áhrif á samgöngur hér að neðan) mun leiða til til einhverrar, en sennilega óverulegrar, aukningar í loftmengun frá bílaumferð til og frá Helgafellshverfi og nærliggjandi byggð. Ofanvatn af nýrri götu yfir Varmá yrði væntanlega hreinsað eða veitt til sjávar, þannig að áhrif á vatnsgæði í Varmá eiga ekki að verða veruleg.
Náttúru- og menningar- minjar	0	0	0	÷	<ul style="list-style-type: none"> Ný leið yfir Varmá, þverar svæði á náttúruminjasrá/hverfisverndarsvæði og mun liggja skammt frá og í bakgrunni Álafoss. Ekki er vitað hvort fornleifar eru á svæðinu.
Landnýting	0	÷	0	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Kostur 5 hefur í för með sér að kafli Álafossvogar næst Vesturlandsvegi leggst af. Að öðru leyti hefur kostur 5 ekki áhrif á landnýtingu á og við vegstæði Helgafellsvegar. Kostur 5 hefur áhrif á svæðið við Varmá ofan Álafoskvosar, sem getur rýrt gildi þess sem útivistarsvæðis. Vegna breyttar legu tengingar Þingvallavegar, og tengibrautar frá Helgafellsslandi, við Vesturlandsveg, hefur kostur 5 í för með sér skerðingu á möguleikum á nýtingu lands norðan við Landa- og Ásahverfi undir byggð, en svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði í aðalskipulagi Mosfellsbæjar og rammaskipulagi Helgafellshverfis.
Samgöngur	÷	÷	÷	0	<ul style="list-style-type: none"> Kostur 5 mun hafa nokkur áhrif á aðgengi og vegalengdir fyrir íbúa í Landa- og Ásahverfi og í Álafoskvos samanborett við núverandi gatnakerfi og kost 1, þar sem kostur 5 gengur út frá að núverandi tenging Álafossvogar við Vesturlandsveg verði aflögð. Með því lengist leiðin frá miðbæ Mosfellsbæjar í Landa- og Ásahverfi, Helgafellshverfi og Álafoskvos um u.þ.b. 1 km. Þrátt fyrir færslu gatnamóta Þingvallavegar við Vesturlandsveg til suðurs, verður styttra fyrir íbúa Helgafellshverfis að velja leiðina um safngötu yfir Varmá (frá Álafossvogi að austan), til og frá hverfinu, heldur en að velja tengibraut um gatnamót Þingvallavegar og Vesturlandsvegar. Veglega Þingvallavegar skv. kosti 5 er fyrirsjáanlega erfiðari en lega vegarins skv. aðalskipulagi vegna landslags og mishæða. Fyrirsjáanlega þyrfti miklar skeringar og vegurinn að liggja í gjá að hluta. Að sama skapi gætu gatnamót Þingvallavegar og tengibrautar inn í Helgafellshverfi verið erfið vegna landslags.
Ásýnd og einkenni svæðis	0/÷	0/÷	0	0/÷	<ul style="list-style-type: none"> Með því að Helgafellsvegur verður ekki lagður falla út væntanleg áhrif hans á ásýnd og einkenni Álafoskvosar og útivistarsvæðis við Varmá neðan Álafoskvosar. Ásýnd, einkenni og kyrrð útivistarsvæða við Varmá ofan Álafoskvosar, sem einnig eru á verndarsvæði, og liggja nærri fyrirhugaðri byggð í Helgafellshverfi, mun verða fyrir áhrifum af götunni. Nýtt vegstæði við norðurjaðar Ásahverfis hefur áhrif á útsýni frá byggð nyrst í Ásahverfinu, en svæðið er skilgreint sem framtíðar byggingarsvæði í aðalskipulagi, þannig að útsýni mun fyrirsjáanlega skerðast óháð því hvort vegurinn verður lagður þar eða ekki.
Eignir/efnisleg verðmæti	0	0	0	0	<ul style="list-style-type: none"> Ekki er talið líklegt að kostur 5 hafi í för með sér áhrif á fasteignaverð eða önnur efnisleg verðmæti.



7 Niðurstaða

	Kostur 1	Kostur 2	Kostur 3	Kostur 4	Kostur 5
Hljóðvist	0/÷	0/÷	0	0/÷	0/÷
Loft- og vatnsgæði	0	0	0/÷	0	0
Náttúru- og menningarminjar	0/÷	0	0	0/÷	0/÷
Landnýting	÷	0/÷	0	0/÷	÷
Samgöngur	+	+	0/÷	0/÷	÷
Ásýnd og einkenni svæðis	÷	0/÷	0	0/÷	0/÷
Eignir/efnisleg verðmæti	0	0	0	0	0

Áhrif á hljóðvist: Enginn kostanna er líklegur til að hafa veruleg áhrif á hljóðvist. Kostir 1, 2, 4 og 5 hafa áþekkt áhrif á hljóðvist, en þeir hafa allir í för með sér aukið ónæði eða hávaða frá umferð í nærliggjandi byggð. Það varðar suðausturjaðar Landahverfis, vesturjaðar Álafoskvosar og vesturjaðar nýrrar byggðar í Helgafellshverfi í tilfelli kosta 1 og 2, en suðurjaðar nýrrar byggðar í Helgafellshverfi í tilfelli kosta 4 og 5, auk þess sem kostur 5 mun hafa áhrif á hljóðvist við norðurjaðar Ásahverfis og á framtíðarbyggingarsvæði norðan Ásahverfis. Þá munu kostir 1 og 2 hafa áhrif á hljóðvist á útivistarsvæði vestan Álafoskvosar en kostir 4 og 5 hafa áhrif á hljóðvist á útivistarsvæði austan Álafoskvosar. Í öllum tilvikum er unnt að tryggja að hljóðvist í byggð sé innan viðmiðunarmarka reglugerðar um hávaða.

Áhrif á loft- og vatnsgæði: Enginn kostanna er líklegur til að hafa veruleg áhrif á loft- og vatnsgæði. Varðandi loftgæði er helst tilefni til að horfa til þeirra kosta sem hafa munu í för með sér lengri akstursvegalengdir, en það á sérstaklega við kost 3, auk einnig kosta 4 og 5. Helst getur verið tilefni til að huga að áhrifum á vatnsgæði í þeim kostum sem fara mjög nærri eða þvera Varmá, en það á við kosti 1, 4 og 5, þó veruleg áhrif séu þar ólíkleg.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar: Enginn kostanna er líklegur til að hafa veruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar, en þeir kostir sem fara mjög nærri eða þvera Varmá hafa þó nokkur áhrif á hverfisverndað svæði á náttúru-minjaskrá. Það á við kosti 1, 4 og 5.

Áhrif á landnýtingu: Kostir 1 og 5 hafa staðbundin veruleg áhrif á landnýtingu. Kostur 1 á möguleika á útivist á og við vegstæði fyrirhugaðs Helgafellsvegar milli Landahverfis og Álafoskvosar, en kostur 5 á nýtingu fyrirhugaðs byggingarsvæðis norðan Ásahverfis. Auk þess hefur kostur 2 nokkur áhrif á útivistarsvæðið vestan Álafoskvosar og kostir 4 og 5 nokkur áhrif á útivistarsvæðið við Varmá austan Álafoskvosar.

Áhrif á samgöngur: Helgafellsvegur hefur það markmið að tengja nýja byggð í Helgafellslandi við vegakerfi Mosfellsbæjar og höfuðborgarsvæðisins. Í Helgafellshverfi er gert ráð fyrir miklum fjölda íbúa og því hagsmunamál sem varðar marga að leiðir þangað séu öruggar og sem stytstar. Kostir 1 og 2 gefa báðir kost á góðri tengingu við Helgafellshverfi. Kostir 3, 4 og 5 myndu hafa í för með sér nokkuð eða talsvert lengri akstursvegalengdir til Helgafellshverfis. Auk þess mun kostur 5 jafnframt lengja leiðir í önnur nærliggjandi hverfi, þ.e. Landa- og Ásahverfi og Álafoskvos. Sama gæti gilt um kosti 3 og 4 þegar til lengri tíma er litið, þ.e. ef ákvörðun yrði tekin um loka tengingu Álafossvogar við Vesturlandsveg, þegar kemur til breikkunar Vesturlandsvegar, byggingar mislægra gatnamóta og aukinnar umferðar um hann. Kostur 5, og hugsanlega kostir 3 og 4, hefur þannig fyrirsjáanlega í för með sér óhagræði í samgöngum fyrir íbúa og atvinnurekstur í Álafoskvos og íbúa í Landa- og Ásahverfi.

Áhrif á ásýnd og einkenni svæðis: Kostur 1 hefur staðbundin veruleg áhrif á ásýnd og einkenni útivistarsvæðis vestan Álafoskvosar og á aðkomu að Álafoskvos. Áhrif annarra kosta á ásýnd og einkenni svæða eru minni, þótt kostur 2 muni einnig hafa nokkur áhrif á svæðið vestan Álafoskvosar og kostir 4 og 5 á svæðið austan kvosarinnar. Kostur 1 mun hafa mest áhrif á ásýnd byggðar, en kostir 2, 4 og 5 fyrst og fremst áhrif á ásýnd opinna svæða.

Áhrif á eignir og efnisleg verðmæti: Ekki er talið að neinn kostanna sé líklegur til að hafa veruleg áhrif á eignir eða efnisleg verðmæti í nærliggjandi byggð, sbr. framangreint um umhverfisáhrif kostanna og sbr. einnig að Helgafellshverfi og aðkomuvegur að því hafa vera áformuð samkvæmt skipulagi um langt skeið.

Niðurstaða:

Í heild virðist kostur 2 uppfylla best markmið um samgöngur við Helgafellshverfi og aðliggjandi byggð, án þess að valda mikilli röskun á umhverfisgæðum í byggð og á útivistar- og verndarsvæðum. Sú niðurstaða byggir á því að vandað verði til allrar útfærslu við hönnun götunnar og landslagshönnunar umhverfis hana, með það að markmiði að hanna vistlega götu sem samsvarar umhverfi sínu, sbr. lýsingu á kosti 2 í kafla 6.2. Einnig byggir niðurstaðan annarsvegar á því að markmiðið sé að tryggja sem stýstar og greiðastar leiðir á milli bæjarhluta og hinsvegar því að Varmá og umhverfi hennar er þegar undir meira álagi og meira raskað á kaflanum milli Vesturlandsvegur og Álafossvosar, heldur en á svæðinu þar fyrir ofan. Þessvegna er mannvirkjagerð og rask á neðra svæðinu ekki talið vega eins þungt eins og röskun á umhverfi og umgjörð Varmár ofar (austar). Einnig er minnt á það sem fram kemur í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu Helgafellsvegur, en þar segir að eðlilegt sé að líta til þess að áhrif tengibrautarinnar einnar og sér verði mun minni en áhrif af fyrirhugaðri íbúðarbyggð umhverfis brautina.

Kostur 1 uppfyllir vel markmið um tengingu Helgafellshverfis auk þess að tryggja áframhaldandi góðar tengingar við Álafossvos og Landa- og Ásahverfi. Kostur 1 veldur hinsvegar talsverðu raski og ásýndarbreytingum vestan Álafossvosar.

Kostir 3, 4 og 5 uppfylla verr markmið um tengingu Helgafellshverfis vegna lengri leiða til og frá hverfinu en skv. kostum 1 og 2. Kostur 5 mun einnig hafa í för með sér verri tengingar og lengri akstursleiðir fyrir íbúa og atvinnurekstur í Álafossvos og íbúa í Landa- og Ásahverfi. Sama gæti gilt um kosti 3 og 4, ef tengingu Álafossvosar við Vesturlandsveg yrði lokað. Auk þess mun kostur 4 hafa nokkra röskun í för með sér, sérstaklega hvað varðar áhrif á náttúruverndarsvæði og landnýtingu við Varmá austan Álafossvosar. Sama gildir um kost 5 sem auk þess að valda röskun við Varmá austan Álafossvosar, takmarkar nýtingu svæðisins norðan Ásahverfis til íbúðarbyggðar.

Við vinnslu umhverfisskýrslunnar komu fram ábendingar um að bera einnig saman við kost 5 án nýs vegar yfir Varmá, þ.e. ef eingöngu væri gert ráð fyrir breyttri legu Þingvallavegar. Áhrif kosts 5 án vegar yfir Varmá væru áþekk áhrifum af kosti 3 (núll-kostinum), að viðbættum þeim áhrifum sem kostur 5 hefur á hljóðvist og landnýtingu við norðurjaðar Ásahverfis. Á móti vægi að akstursleið í Helgafellshverfi úr suðri stýttist um u.þ.b. 1 km borið saman við kost 3.



Samantekt

Hér er sett fram umhverfisskýrsla fyrir deiliskipulag Helgafellsvegar í Mosfellsbæ í samræmi við kröfur 6. gr. laga um umhverfismat áætлана nr. 105/2006.

Tilgangur umhverfisskýrslunnar er að setja fram mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags Helgafellsvegar, þar með talið að bera saman umhverfisáhrif mismunandi valkosta við deiliskipulagið.

Í umhverfismatinu er lagt mat á og borin saman umhverfisáhrif fimm kosta:

1. Tillaga að deiliskipulagi Helgafellsvegar, sem auglýst var árið 2006.
2. Breytt útfærsla Helgafellsvegar, sem liggur lægra í landi, með lægri umferðarhraða og breyttri tengingu við Álafossvos.
3. Núll-kostur, þ.e. ekki gert ráð fyrir Helgafellsvegi, þannig að eingöngu séu tengingar við Helgafellshverfi um tengibraut frá Þingvallavegi og tengibraut úr austri frá Hafravatnsvegi.
4. Sama og 3, en jafnframt sé gert ráð fyrir nýrri götu austan Álafossvosar sem tengi Helgafellshverfi við Álafossvog.
5. Tillaga Varmársamtakanna: Ekki gert ráð fyrir Helgafellsvegi. Gert ráð fyrir færslu Þingvallavegar og gatnamóta hans við Vesturlandsveg til suðurs, að norðurmörkum Ásahverfis og tengingu við Helgafellshverfi þaðan. Jafnframt gert ráð fyrir nýrri götu austan Álafossvosar sem tengi Helgafellshverfi við Álafossvog.

Í heild virðist kostur 2 uppfylla best markmið um samgöngur við Helgafellshverfi og aðliggjandi byggð, án þess að valda mikilli röskun á umhverfisgæðum í byggð og á útivistar- og verndarsvæðum. Sú niðurstaða byggir á því að vandað verði til allrar útfærslu við hönnun götunnar og landslagshönnunar umhverfis hana, með það að markmiði að hanna vistlega götu sem samsvarar umhverfi sínu, sbr. lýsingu á kosti 2 í kafla 6.2. Einnig byggir niðurstaðan annarsvegar á því að markmiðið sé að tryggja sem stýstar og greiðastar leiðir á milli bæjarhluta og hinsvegar því að Varmá og umhverfi hennar er þegar undir meira álagi og meira raskað á kaflanum milli Vesturlandsvegar og Álafossvosar, heldur en á svæðinu þar fyrir ofan. Þessvegna er mannvirkjagerð og rask á neðra svæðinu ekki talið vega eins þungt eins og röskun á umhverfi og umgjörð Varmár ofar (austar). Einnig er minnt á það sem fram kemur í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu Helgafellsvegar, en þar segir að eðlilegt sé að líta til þess að áhrif tengibrautarinnar einnar og sér verði mun minni en áhrif af fyrirhugaðri íbúðarbyggð umhverfis brautina.

Kostur 1 uppfyllir vel markmið um tengingu Helgafellshverfis auk þess að tryggja áframhaldandi góðar tengingar við Álafossvos og Landa- og Ásahverfi. Kostur 1 veldur hinsvegar talsverðu raski og ásýndarbreytingum vestan Álafossvosar.

Kostir 3, 4 og 5 uppfylla verr markmið um tengingu Helgafellshverfis vegna lengri leiða til og frá hverfinu en skv. kostum 1 og 2. Kostur 5 mun einnig hafa í för með sér verri tengingar og lengri akstursleiðir fyrir íbúa og atvinnurekstur í Álafossvos og íbúa í Landa- og Ásahverfi. Sama gæti gilt um kosti 3 og 4, ef tengingu Álafossvogar við Vesturlandsveg yrði lokað. Auk þess mun kostur 4 hafa nokkra röskun í för með sér, sérstaklega hvað varðar áhrif á náttúruverndarsvæði og landnýtingu við Varmá austan Álafossvosar. Sama gildir um kost 5 sem auk þess að valda röskun við Varmá austan Álafossvosar, takmarkar nýtingu svæðisins norðan Ásahverfis til íbúðarbyggðar.



Heimildir

- Bæjarverkfræðingurinn í Mosfellsbæ og Línuhönnun (2001). *Umferðarskipulag í Mosfellsbæ*. Nóvember 2001.
- Fjölhönnun (2006). *Helgafellsland í Mosfellsbæ. Yfirlitsmynd, umferð eftir uppbyggingu íbúðarsvæði*. Hljóðútreikningar. 5.10.2006.
- Helgafell, Mosfellsbær, Fjölhönnun (ó dags.). *Helgafellsland – tengibraut. Tilkynning framkvæmdar til Skipulagsstofnunar*.
- <http://www.mosfellsbaer.is>. *Fundargerðir bæjarstjórnar, bæjarráðs og skipulags- og byggingarnefndar. Kynningargögn um Helgafellsveg*. Vefur heimsóttur 3.5.2007.
- <http://www.varmarsamtokin.blog.is>. *Tillögur*. Vefur heimsóttur 23.4.2007 og 3.5.2007.
- Landmótun (1998). *Varmárvæðið í Mosfellsbæ. Umhverfisskipulag*. Október 1998.
- Lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.
- Mosfellsbær (2003). *Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024*.
- Mosfellsbær (2006a). *Umsögn Umhverfisstofnunar vegna tengibrautar í landi Helgafellslands*. Bréf til Skipulagsstofnunar dags. 15.5.2006.
- Mosfellsbær (2006b). *Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar vegna erindis yðar*. Svarbréf til þeirra sem gerðu athugasemdir við auglýsta deiliskipulagstillögu um Helgafellsveg, dags. 15.5.2006.
- Mosfellsbær (2006c). *Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar vegna erindis yðar*. Svarbréf til þeirra sem gerðu athugasemdir við endurauglýsta deiliskipulagstillögu um Helgafellsveg, dags. 6.12.2006.
- Mosfellsbær (2006d). *Rammaskipulag Helgafellshverfis*. 20.6.2006.
- Mosfellsbær (2006e). *Tillaga að deiliskipulagi Helgafellsvegar*. 24.1.2006 og 1.12.2006.
- Mosfellsbær (2006f). *Tillaga að III. deiliskipulagsáfangu Helgafellshverfis*. 10.4.2006 og 1.12.2006.
- Mosfellsbær (2006g). *Tillaga að II. deiliskipulagsáfangu Helgafellshverfis*. 30.6.2006 og 19.7.2006.
- Mosfellsbær (2006h). *Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Álafoskvosar*. 13.3.2006.
- Mosfellsbær (2007). *Helgafellsvegur*. Greinargerð unnin á vegum Mosfellsbæjar í mars 2007.
- Reglugerð um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings nr. 251/2002.
- Reglugerð um hávaða nr. 933/1999.
- Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.
- Skipulagsstofnun (2006). *Tengibraut frá Vesturlandsvegi um Álafossveg og Helgafellsland, Mosfellsbæ*. Ákvörðun um matsskyldu. 22. maí 2006.
- Umhverfisráðuneyti (2006). *Úrskurður*. Úrskurður um kærða ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 22. maí 2006 um matsskyldu vegna tengibrautar frá Vesturlandsvegi um Álafossveg og Helgafellsland. 7.12.2006.
- Umhverfisstofnun (2006). *Tengibraut í landi Helgafells, Mosfellsbæ. Matsskylda*. Bréf til Skipulagsstofnunar dags. 11.5.2006.
- Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen, VST (2002). *Tillaga að aðalskipulagi – umferðarspá*. 4.10.2002.
- Vinnustofan Þverá (2002). *Álitsgerð vegna tengibrauta frá Helgafellslandi yfir Varmá*. 10.11.2002.
- Ýmsir höfundar (2006): Athugasemdir við auglýsta og endurauglýsta tillögu að deiliskipulagi Helgafellsvegar og kærur við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu Helgafellsvegar.